

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 85/2017****2019/EES/11/18****frá 5. maí 2017****um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2203 frá 25. nóvember 2015 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kasein og kaseinöt, sem eru ætluð til mannelis, og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 83/417/EBE ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun (ESB) 2015/2203 fellir úr gildi tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 83/417/EBE ⁽²⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 121. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/662):

„122. **32015 L 2203**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2203 frá 25. nóvember 2015 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kasein og kaseinöt, sem eru ætluð til mannelis, og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 83/417/EBE (Stjtið. ESB L 314, 1.12.2015, bls. 1).“

2. Texti 32. liðar (tilskipun ráðsins 83/417/EBE) fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) 2015/2203, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. maí 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 314, 1.12.2015, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 237, 26.8.1983, bls. 25.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. maí 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.